



Fundargerð

412. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. september 2017. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Jóhannes Gissurarson
Ó-lista boðar forfoll í hans stað er mætt Kristín Lárusdóttir 2. varamaður Ó-lista. Heiða Guðný
Ásgeirsdóttir Z-lista boðar einnig forföll og í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður
Z-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

13. 1709017 Orustastaðir byggingarleyfisumsókn
14. 1709018 Orustastaðir framkvæmdaleyfisumsókn
15. Málefni slökkviliðs
16. Lokun Skaftárstofu
17. Skaftárhreppur til framtíðar

Dagskrárbreyting samþykkt

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Eirný Valsdóttir hefur látið af störfum sem verkefnistjóri Skaftárhrepps til framtíðar og hefur Puriður H. Benediktsdóttir verið ráðin í hennar stað til áramóta. Sveitarstjóri átti tvo símafundi í ágúst með verkefnistjórn vegna málssins. Sveitarstjóri og oddviti sátu fund með stjórn velunnarasjóðs Klausturhóla um hugmyndir að byggingu nýrra íbúða. Aðalfundur og stjórnarfundur voru haldnir í Hulu bs. í ágúst. Sveitarstjóri og varaoddviti fóru á kynningarfund Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um stofnun miðhálendispjóðgarðs á Hvolsvelli í lok ágúst. Fundur um áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs var haldinn á Kirkjubæjarstofu og var það þriðji og síðasti fundurinn í verkefnavinnunni. Sveitarstjóri átti fund með fulltrúa fjármála- og efnhagsráðuneytisins vegna fasteigna á Skerjavöllum 3 og 5 þar sem farið var yfir möguleika sveitarfélagsins til að verða eigandi fasteignanna. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum kirkjunnar vegna prestsetursjarðar. Sveitarstjóri og oddviti ásamt nýjum verkefnistjóra Skaftárhrepps til framtíðar fóru á ráðstefnuna Sjálfbært Suðurland sem haldin var í Þingborg í byrjun september þar sem áhersla var lögð á meðhöndlun úrgangs.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1709005 Fundargerð 131. fundar skipulagsnefndar. *Fundur skipulagsnefndar fell niður.*

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1707010 Skipulags- og byggingarfulltrúi

Fyrir fundinum liggr minnisblað sveitarstjóra um málið ásamt samningi við Landmótun sf. Þar sem ekki hefur gengið að fá skipulags- og byggingarfulltrúa til starfa hjá sveitarfélagini



staðfestir sveitarstjórn fyrirliggjandi samning við Landmótun sf. um að taka að sér skipulagsmálin fyrir Skaftárhrepp. Skipulagsfulltrúi verður Óskar Örn Gunnarsson en Margrét Ólafsdóttir verður tengiliður Landmótunar sf. við Skaftárhrepp. Byggingarfulltrúi verður Sigurður Jakobsson tæknifræðingur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að tilkynna um breytinguna til viðeigandi stofnanna. Sveitarstjórn þakkar Mýrdalshreppi fyrir gott samstarf í skipulags- og byggingarmálum undanfarin ár og sérstaklega Vigfúsi Pór Hróbjartssyni fyrir sitt framlag í þágu Skaftárhrepps og óskar honum velfarnaðar. Þar sem um tímabundna samninga verður að ræða felur sveitarstjórn sveitarstjóra að auglýsa áfram eftir skipulags- og byggingarfulltrúa.

2. 1610010 Rekstraryfirlit 7 mánaða staða
Reksturinn er á áætlun.

3. 1610010 Viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2017

Sveitarstjóri gerir eftirfarandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2017;
Ný klæðning á Klausturvegi frá Skaftárvöllum að kapellu 3.500.000 Liður 3150-4990
Ljósastaurar Skaftárvellir 26-28 1.150.000 liður 3150-4990
Sparkvöllur 2.500.000 liður 31273-4990
Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 2.500.000
Fjárfesting aukin um 4.650.000
Auknum útgjöldum mætt með lækkun á handbæru fé.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

4. 1709007 Endurskoðun á samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að endurskoða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi nr. 342/2004. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í endurskoðun á samþykktinni og felur sveitarstjóra í samvinnu við umhverfis- og náttúruverndarnefnd að koma með tillögu að samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

5. 1709008 Tilnefning fulltrúa á ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 19. og 20. október nk.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilefnir Evu Björk Harðardóttir oddvita og Söndru Brá Jóhannisdóttur sveitarstjóra sem fulltrúa sveitarfélagsins á árþing SASS 2017 og Heiðu Guðnýjú Ásgeirsdoðtur og Sverrir Gíslason til vara.

6. 1709009 Tilnefning fulltrúa á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 19. október nk.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilefnir Evu Björk Harðardóttir oddvita og Söndru Brá Jóhannisdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2017 og Heiðu Guðnýjú Ásgeirsdoðtur og Sverrir Gíslason til vara.

7. 1709010 Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu sambandsins. Samband íslenskra sveitarfélaga. dags. 18.08.2017.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við tillögu sambandsins um sérstaka hækken á grunngjaldi vegna kjaramálavinnu sambandsins.

8. Beiðni um fjárstuðning vegna skólabúða Reykjaskóla. Foreldrafélag Kirkjubæjarskóla. dags. 06.09.2017

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umræðu í fræðslunefnd og til vinnu við fjárhagsáætlunar 2018.



9. 1709011 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi vegna gististaðar í flokki II fyrir Dalshöfða ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 23.08.2017.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

10. 1709012 Almannavarnarvika í Skaftárhreppi. Lögreglustjórinn á Suðurlandi. dags. 25.07.2017

Kynnt er tillaga Lögreglustjórans á Suðurlandi um að haldin verði almannavarnarvika í Skaftárhreppi vikuna 5. - 9. febrúar 2018. Sveitarstjórn fagnar góðu framtaki og samþykkir tillöguna.

11. 1709013 Lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda

Sveitarstjórn Skaftárhrepps sendi á dögunum frá sér eftirfarandi ályktun vegna lækkunar afurðaverðs til bænda;

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur ljóst að lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda í haust muni koma illa niður á sauðfjárbændum í sveitarfélagini. Í Skaftárhreppi eru um 60 bú sem byggja afkomu sína m.a. af sauðfjárbúskap og fjöldi sauðfjár í sveitarfélagini um 17.000. Ljóst er að slik skerðing á tekjum mun fyrst og fremst leiða til lækkunar launa sauðfjárbænda og óvist hversu mörg bú koma til með að standa undir því þar sem þolmörkum hefur þegar verið náð. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur að tækifæri felist í aukinni samvinnu landbúnaðar og ferðaþjónustu sem hægt sé að nýta mun betur en gert er í dag. Leggja þarf meiri áherslu á markaðssetningu og vöruprórun innanlands fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Ísland heim. Sveitarstjórn skorar á forystumenn sauðfjárbænda, sláturleyfishafa og ráðamenn þjóðarinnar að finna lausn á þessum vanda til framtíðar sem steðjar að greininni.

12. 1709014 Umboð vegna samnings um uppgjör lífeyrisskuldbindinga

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að ganga að samkomulagi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga sem myndast hafa í B-deildum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna vegna Hjúkrunar- og dvalarheimilins Klausturhóla kt. 440587-2599. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að tilkynna um ákvörðunina til fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir 30. september nk. Jafnframt veitir sveitarstjórn sveitarstjóra umboð til að undirrita samkomulagið fyrir hönd Skaftárhrepps.

13. 1709017 Orustustaðir byggingarleyfisumsókn

Hreiðar Hermannsson kt. 020648-4069 sækir um byggingarleyfi dags. 08.09.2017 fyrir byggingu íbúðarhúss að Orustustöðum. Húsið er staðsett utan deiliskipulags í auglýsingi. Um er að ræða endurnýjaða umsókn en byggingaráform íbúðarhússins voru áður samþykkt á 112. fundi skipulagsnefndar Skaftárhrepps 10. ágúst 2015 og á 386. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps 20. ágúst 2015. Þar sem byggingarframkvæmdir hófust ekki innan 12 mánaða frá útgáfu leyfisins hefur það fallið úr gildi. Sveitarstjórn samþykkir byggingaráformin á grundvelli nýrrar umsóknar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málínú.

14. 1709018 Orustustaðir framkvæmdaleyfisumsókn

Hreiðar Hermannsson kt. 020648-4069, óskar eftir leyfi dags. 09.09.2017 til að framkvæma nauðsynlegar endurbætur á veki að Orustustöðum. Óskað er eftir leyfi fyrir þann hluta vegarins sem liggur í landi Orustustaða samkvæmt veglinu á samþykktu deiliskipulagi. Um endurnýjun á umsókn um framkvæmdaleyfi er að ræða en framkvæmdaleyfi fyrir umræddum vegabótum hafði áður verið samþykkt á 102. fundi skipulagsnefndar dags. 08.05.2014 og 371. fundi



Skaftárhreppur

sveitarstjórnar Skaftárhrepps dags. 15.05.2014. Þar sem framkvæmdir hófust ekki innan 12 mánaða frá útgáfu leyfisins hefur það fallið úr gildi. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir veitingu framkvæmdaleyfisins fyrir vegabótum á veglinu í landi Orustustaða samkvæmt veglinu á samþykktu deiliskipulagi á grundvelli nýrrar umsóknar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

15. Málefni slökkviliðs

Bjarki Guðnason slökkviliðssstjóri upplýsir um stöðu tækjabúnaðar slökkviliðsins í Skaftárhreppi. Sveitarstjórn felur slökkviliðssstjóra að fá tilboð i tankbíl og dælubúnað.

16. Lokun Skaftárstofu

Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir vonbrigðum sínum á því að Vatnajökulsþjóðgarði hafi ekki verið tryggt nægjanlegt fjármagn til að halda úti heilsársopnum Skaftárstofu 2017 þrátt fyrir stóraukin fjölda ferðamanna. Í skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa kemur fram;

„...Fjölgun ferðamanna árið um kring kallar á heilsársopnum Skaftárstofu, sérstaklega með tilliti til öryggis ferðamanna. Því er mikilvægt að tryggja Vatnajökulsþjóðgarði nægjanlegt fjármagn til heilsársreksturs gestastofunnar strax frá upphafi árs 2017“...

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda bókunina til viðeigandi aðila.

17. Skaftárhreppur til framtíðar

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar Eirnýju Valsdóttir fyrir störf hennar í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar og býður Puriði Benediktsdóttur velkomna til starfa.

III. Fundargerðir til kynningar

1. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar dags. 15.08.2017.
Fundargerð kynnt.
2. 1607017 Fundargerð 75. fundar menningarmálanefndar Skaftárhrepps. dags. 22.08.2017.
Fundargerð kynnt.
3. 180. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 10.08.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 522. Fundargerð stjórnar SASS. dags. 25.08.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. 1708002 Fundargerð fjallskilanefndar Landbrots- og miðafréttar. dags. 22.08.2017.
Fundargerð kynnt.
6. 1608023 Fundargerðir aðalfundar og stjórnarfundar Hulu bs. dags. 18.08.2017.
Fundargerð kynnt.
7. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar. dags. 21.08.2017.
Fundargerð kynnt.

IV. Annað kynningarefni.

1. 1706015 Tilkynning um stjórnsýslukær. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. 17.08.2017. *Kynnt.*
2. 1603015 Möguleg aðkoma Erróseturs að þekkingarsetri. Stjórn Erróseturs. dags. 22.08.2017. *Kynnt.*
3. 1603022 Minnisblað fráfarandi verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar. dags. 28.08.2017. *Kynnt.*
4. Tilkynning um fasteignamat 2018. Þjóðskrá Íslands. dags. 12.07.2017. *Kynnt.*
5. 1608011 Sýnataka í Sundlaug. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. dags. 21.08.2017. *Kynnt.*



Skaftárhreppur

6. 1606001 Eftirfylgni með Kirkjubæjarskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. dags. 20.07.2017. *Kynnt.*
7. 1603005 Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Kærabæ. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. dags. 17.07.2017. *Kynnt.*
8. 1708002 Fjallskilaseðill Austur-Síðuafréttar. *Kynnt.*
9. 1708002 Fjallskilaseðill Landbrots- og miðafréttar. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 12. október 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15.08




Eva Björk Harðardóttir




Kristín Lárusdóttir

Kristín Lárusdóttir



Jóna Björk Jónsdóttir



Bjarki Guðnason

Sverrir Gíslason